

Þessar verklagsreglur byggja á tillögu starfshóps um málefni fyrrverandi starfsfólks Háskóla Íslands á eftirlaunum sem kynnt var í háskólaráði 19. maí 2016. Jafnframt var litið til verklags um starfslok starfsfólks Háskóla Íslands við 70 ára aldur sem var síðast endurskoðað 14. október 2015 og verklagsreglna Heilbrigðisvísindasviðs og Verkfræði- og náttúruvísindasviðs sama efnis. Verklagsreglurnar voru endurskoðaðar í apríl 2023 af starfshópi skipuðum af rektor.

Verklagsreglurnar eiga við um fyrrverandi starfsfólk skólans í akademískum störfum (þ.e. prófessora, dósentar, lektora, vísindamenn, fræðimenn, sérfræðinga, rannsóknarprófessora, rannsóknardósentar og rannsóknarlektora) og starfsfólk stjórnsýslu háskólans sem hefur hætt störfum sökum aldurs eða vegna áunninna lífeyrisréttinda.

Mannauðssvið heldur skrá yfir fyrrverandi starfsfólk Háskóla Íslands sem hefur hætt störfum vegna aldurs og ber ábyrgð á framkvæmd verklagsreglna þessara.

1. Undirbúningur undir starfslok

Skömmu áður en að starfslokum kemur er starfsfólki boðin þátttaka á námskeiði, án endurgjalds, um starfslok sem mannauðssvið heldur árlega. Þar er farið yfir reglur háskólans um starfslok og upplýsingar veittar um lífeyrismál og fleiri þætti sem geta verið gagnlegir.

Til þess að komast til móts við þarfir starfsfólks um sveigjanleg starfslok er heimilt að lækka starfshlutfall og hefja samhliða töku lífeyris í samræmi við reglur lífeyrissjóða á hverjum tíma. Lækki starfshlutfall í 49% er öllu jöfnu er miðað við að vinnuáðstöðu sé deilt með öðrum.

2. Tilkynning um starfslok starfsfólks Háskóla Íslands við 70 ára aldur

Í 2. mgr. 43. gr. laga um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins nr. 70/1996 er kveðið á um að starfsmanni skuli jafnan segja upp störfum frá og með næstu mánaðamótum eftir að hann nær 70 ára aldri.

a. Tilkynning um starfslok akademísks starfsfólks

Mannauðsstjórar fræðasviða, fyrir hönd deildarforseta og sviðsforseta, og eftir atvikum með þátttöku þeirra, boða starfsmanninn á fund a.m.k. fjórum mánuðum áður en viðkomandi verður 70 ára. Á fundinum er farið yfir ýmsa þætti sem varða starfslok eins og þeim er lýst í þessum verklagsreglum.

Þremur mánuðum fyrir starfslok sendir rektorsskrifstofa viðkomandi starfsmanni bréf, undirritað af rektor, með afriti til fræðasviðs, deildarskrifstofu og launadeildar, þar sem fram kemur hvenær viðkomandi lýkur störfum og honum/henni/hán þakkað fyrir störf sín og framlag til Háskóla Íslands.

b. Tilkynning um starfslok starfsfólks stjórnsýslu

Að minnsta kosti fjórum mánuðum áður en starfsmaður verður 70 ára er viðkomandi boðaður á fund um ýmsa þætti er varða starfslok. Ef um er að ræða starfsmann stjórnsýslu fræðasviðs boðar næsti yfirmaður og mannauðsstjóri sviðsins til fundarins. Ef um er að ræða starfsmann miðlægrar stjórnsýslu boðar næsti yfirmaður og sviðsstjóri mannauðssviðs til fundarins. Á fundinum er m.a. farið yfir réttindi starfsfólks stjórnsýslu á eftirlaunum eins og þeim er lýst í þessum verklagsreglum. Jafnframt er starfsfólki boðið að sækja námskeið um starfslok á vegum mannauðssviðs.

Premur mánuðum fyrir starfslok sendir rektor í tilfelli miðlægrar stjórnýslu og fræðasviðsforsetar í tilfellum stjórnýslu og stoðþjónustu fræðasviða bréf til viðkomandi starfsmanns með afriti til sviðsstjóra og launadeildar, þar sem fram kemur hvenær viðkomandi lýkur störfum. eftir þrjá mánuði og honum/henni/hán þakkað fyrir störf sín og framlag til Háskóla Íslands.

Öllu fastráðnu starfsfólki gefst kostur á starfslokasamtali þegar það lætur af störfum.

3. Lífeyrisréttindi

Starfsmanni sem lætur af störfum vegna aldurs eða áunninna réttinda er bent á að hafa í tæka tíð samband við LSR til að kynna sér lífeyrisréttindi sín og undirbúa lífeyristöku. Skila þarf útfylltri og undirritaðri umsókn til sjóðsins með góðum fyrirvara. Sjóðurinn kallar eftir skattkortum og upplýsingum um starfslok ef við á. Sjá:

<https://www.lsr.is/lifeyrir/b-deild/umsoknir-og-eydublod/>.

Lífeyrir reiknast af launum í starfi. Verk sem unnin eru eftir að taka lífeyris hefst teljast hlutaðeigandi ekki til stiga/launahækkunar. Lokalaun háskólakennara eða sérfræðings með hæfnisdóm geta hins vegar breyst ef mat á störfum á næstliðnu almanaksári fyrir lífeyristöku og/eða ef mat á störfum á því ári sem lífeyristaka hefst gefur tilefni til. Sjá nánari upplýsingar um lífeyrisrétt og reglur um launaröðun háskólakennara eftir töku lífeyris frá LSR: <https://ugla.hi.is/kerfi/view/page.php?sid=862&f=1896>.

4. Uppgjör vegna launamála

Uppgjör vegna kennslu fer fram við starfslok. Launadeild gerir upp laun og áunnið orlof. Launadeild sendir tilkynningu um starfslok til LSR og nýting persónuafsláttar færast jafnframt frá Háskóla Íslands.

5. Rannsóknareikningar

Starfsmaður sér til þess að rannsóknareikningar á hans ábyrgð séu í jafnvægi og þeim lokað áður en hann lætur af störfum, nema um annað sé samið sérstaklega, m.a. vegna áframhaldandi vinnu við verkefni eða rannsóknir á vegum háskólans eftir starfslok.

6. Frágangur við starfslok

Starfsmaður skal sjá til þess að skjöl sem þarf að varðveita séu vistuð í Námu eða annars staðar, eftir því sem við á. Hann getur leitað aðstoðar við þetta verkefni hjá skjalasafni háskólans.

Starfsmaður rýmir og gengur frá starfsaðstöðu sinni, skilar lyklum og gengur frá fyrir síðasta starfsdag. Hann skilar tölvu- og tækjabúnaði í eigu háskólans nema um annað hafi verið samið vegna áframhaldandi vinnu við að ljúka yfirstandandi verkefnum og rannsóknum á vegum háskólans.

7. Störf þökkuð við starfslok

Mælst er til þess að deild og/eða fræðasvið kveðji starfsmann með viðeigandi hætti við starfslok og að deildarforseti/sviðsforseti sendi viðkomandi þakkir fyrir starf í þágu Háskóla Íslands.

Árlega heldur rektor boð fyrir öll sem láta af störfum vegna aldurs og hefja töku lífeyris, þar sem þau eru kvödd með persónulegum hætti. Boðsbréf er sent til hvers og eins með góðum fyrirvara.

8. Réttindi alls fyrrverandi starfsfólks Háskóla Íslands á eftirlaunum

Fyrrverandi starfsfólk á eftirlaunum getur nýtt sér Íþróttaaðstöðu háskólans og tekið þátt í ýmiss konar félagsstarfi sem háskólinn býður starfsfólki sínu, svo sem árshátíðum og öðrum skemmtunum á vegum háskólans eða einstakra deilda.

Þau sem vilja njóta framangreindra réttinda eftir starfslok skulu gefa það til kynna á framangreindum fundi með næsta yfirmanni og mannauðsstjóra viðkomandi starfseiningar sem haldinn er u.þ.b. fjórum mánuðum áður en viðkomandi lætur af störfum. Þessari ákvörðun má breyta síðar með einfaldri tilkynningu í tölvupósti til mannauðssviðs.

9. Áframhaldandi þátttaka akademísku starfsfólks í háskólastarfi eftir starfslok

Háskóli Íslands fagnar því að geta nýtt þekkingu og reynslu akademísku starfsfólks eftir starfslok þegar það á við og hvetur það til virkrar þátttöku í háskólastarfinu. Auk þess að halda háskólanetfangi sínu getur þessi hópur óskað eftir áframhaldandi verkefnum við Háskóla Íslands eftir starfslok. Samþykki þess er höndum deildarforseta eða formanns stjórnar stofnunar og forseta viðkomandi fræðasviðs.

Við mat á áframhaldandi verkefnum akademísku starfsfólks eftir starfslok skal eftirfarandi haft til hliðsjónar:

- hefur viðkomandi áhuga og getu til að sinna áfram rannsóknum og eftir atvikum öðrum afmörkuðum verkefnum til hagsbóta fyrir deild sína, fræðasvið og/eða háskólann,
- hefur viðkomandi verið virk/ur/t í rannsóknastarfi undangengin misseri
- hversu líklegt er að viðkomandi nái árangri í þeim verkefnum sem hann/hún/hán óskar eftir að sinna áfram.

Fyrrverandi starfsfólk á eftirlaunum sem gerir samninga um áframhaldandi verkefni er á skrá yfir starfsfólk hlutaðeigandi deildar/stofnunar. Viðkomandi skal auðkennd/ur/t með *emeritus/emerita* þar sem það á við, eða fyrrverandi starfsmaður og vísað til þess starfsheitis sem viðkomandi var í þegar hann/hún/hán lét af störfum.

a. Rannsóknastig og mótframlag

Rannsóknastig emeritusa eru talin með í deililíkani háskólans og hafa þar með áhrif á skiptingu fjár milli fræðasviða og deilda. Um „mótframlög“ vegna styrkja sem emeritus aflar gilda sömu reglur og um önnur mótframlög innan háskólans.

b. Tímabundnir samningar um verkefni og aðstöðu

Fræðasviðum, deildum eða, eftir atvikum, stofnunum er heimilt að gera tímabundna samninga við emeritusa um afmörkuð verkefni.

Slíkir samningar eru gerðir til eins árs í senn. Þeir geta tekið til eftirtalinna atriða (listinn er ekki tæmandi):

- i. á hvern hátt ljúka skuli skuldbindingum gagnvart (erlendum) samstarfsverkefnum sem stofnað var til áður en viðkomandi hóf töku eftirlauna
- ii. setu í doktorsnefnd, þar með talið leiðbeiningu doktorsnema sem hófu doktorsnám áður en viðkomandi fór á eftirlaun
- iii. leiðbeiningu meistaranema
- iv. kennslu,
- v. stjórnunar, ráðgjafar og trúnaðarstarfa af ýmsu tagi,
- vi. vinnuaðstöðu (t.d. vegna rannsókna eða samskipta við nemendur). Að öllu jöfnu er miðað við vinnuaðstöðu í opnu rýmiog/eða aðstöðu deilt með öðru starfsfólki,
- vii. þjónustu upplýsingatæknisviðs (t.d. vegna varðveislu rannsóknagagna og tölvuþjónustu),
- viii. aðgangs að sérhæfðri rannsóknáðstöðu (t.d. tilraunastofu eða rannsóknastofu),
- ix. pósthjónustu, ljósritunar o.s.frv. í samræmi við þær reglur sem gilda um starfsfólk á viðkomandi sviði,
- x. setu í valnefndum og dómnefndum vegna umsókna um akademísk störf og framgang.

Sjá nánari útfærslur í meðfylgjandi sýnishorni af samningi. Þegar gerður er samningur um tímabundin verkefni þá eiga eftirfarandi réttindi og skyldur við:

- a. að viðkomandi verði á skrá yfir fyrrverandi starfsfólk hlutaðeigandi deildar/stofnunar og auðkennd/ur/auðkennt með *emeritus/emerita þegar það á við*.
- b. að haldið verði áfram utanum rannsóknarvirkni við Háskóla Íslands í IRIS-i,
- c. að ritsmíðar verði birtar í nafni Háskóla Íslands og viðkomandi deildar/stofnunar,
- d. að viðkomandi geti áfram nýtt sér bóka- og gagnasöfn tengd háskólanum (aðgangur UTS),

Tímabundinn samningur við fyrrverandi akademískan starfsmann háskólans eftir starfslok gefur honum ekki rétt til setu á deildarfundum. Deildarfundur viðkomandi deildar þarf að taka sérstaka ákvörðun um það. Slík ákvörðun er ávallt bundin við málfrelsi og tillögurétt, en ekki atkvæðisrétt.

10. Störf starfsfólks í stjórnsýslu Háskóla Íslands eftir starfslok

Heimilt er að gera tímabundna samninga um afmörkuð verkefni við fyrrverandi starfsfólk í stjórnsýslu á eftirlaunum. Samningur er gerður til eins árs í senn. Enn fremur er heimilt að skipa fyrrverandi starfsfólk í stjórnsýslu í starfshópa á vegum háskólans, þar sem sérþekking þeirra nýtist.



VERKLAGSREGLUR

vegna málefna fyrrverandi starfsmanna Háskóla Íslands á eftirlaunum

Bls. 5 af 5

Áb.: Mannauðssvið.
Samþ. í háskólaráði
2. mars 2017, endursk.
samþ. 1. júní 2023.
Málsnúmer HI23060102

Samkomulag deildar/stofnunar og fræðasviðs við akademískt starfsfólk á eftirlaunum eða fyrrverandi starfsfólk stjórnýslu um verkefni og aðstöðu

Sýnishorn

1. Rannsóknir

NN sinnir áfram eftirtöldum rannsóknaverkefnum á vegum deildar/stofnunar:

Yfirlit um rannsóknaverkefni sem NN hyggst sinna á samningatímanum: xxx

NN birtir niðurstöður rannsókna sinna í nafni Háskóla Íslands og viðkomandi deildar/ stofnunar.

2. Kennsla og leiðbeining

NN leiðbeinir meistaranemunum XX, YY ...

NN situr í doktorsnefnd XX, YY ...

NN er aðalleiðbeinandi doktorsnemanna XX, YY ...

NN sinnir kennslu í námskeiðinu XX ...

Sérstaklega er greitt fyrir þessi störf í samræmi við kjarasamning við Félag prófessora við ríkisháskóla og Félag háskólakennara, félags háskólamenntaðra starfsmanna Háskóla Íslands og tengdra stofnana. Greitt er í samræmi við þann launaflokk sem NN var í þegar hann lauk störfum. Greitt er samkvæmt dagvinnutaxta 0,615% af þeim launaflokki sem viðkomandi var þegar hann hætti störfum. Um laun fyrrverandi starfsfólks í stjórnýslu gildir að miðað er við þau laun sem viðkomandi var á við starfslok.

3. Stjórnun og ráðgjöf

NN situr í nefnd um XX ...

Sérstaklega er greitt fyrir umfangsmikil stjórnunarstörf.

4. Aðstaða

NN hefur aðgang að skrifstofuaðstöðu á vegum XX-deildar/stofnunar. Deildin/stofnunin stendur straum af kostnaði við þessa aðstöðu samkvæmt þeim reglum sem gilda að öðru leyti um aðstöðu starfsmanna. Aðstaðan felur í sér skrifborð, stól, bókahillu, tölvu, tölvuþjónustu, síma, umsýslu vegna rannsóknareiknings og bókhaldsþjónustu.

Sérstaklega skal tiltekið hér ef samkomulagið veitir aðgang að rannsóknatækjum, rannsóknarými, geymslurými fyrir gögn og sýni eða annarri sérhæfðri rannsóknaaðstöðu.

5. Rannsóknareikningur

Kostnaður við rannsóknir greiðist af rannsóknareikningi xxxx.

Um rannsóknareikninga gildir að ekki er heimilt að stofna til útgjalda umfram innistæðu.

6. Tryggingar á ferðalögum

Þar sem viðkomandi er ekki lengur starfsmaður Háskóla Íslands er hann ekki tryggður á ferðalögum og því þarf hann að kaupa sér tryggingar sjálfur.

7. Upplýsingaöryggi ??

8. Gildistími

Samkomulag þetta gildir til eins árs frá undirritun.

Undirritað af: fyrrverandi starfsmanni, deildarforseta og forseta fræðasviðs.